

214. **Eldborgir við Lambafell**, Ölfushr., Árn. (1) Eldvörpin, hrauntraðir frá þeim og næsta nágrenni. (2) Formfagar eldstöðvar og tvær hrauntraðir. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
215. **Herdísarvík og Stakkavík**, Selvogshr., Árn. (1) Jarðirnar Herdísarvík og Stakkavík. (2) Á svæðinu er að finna öll helstu lífsamfélög Reykjanesskaga. (3) Friðun æskileg.

Auglýsing þessi er hér með birt þeim, sem hlut eiga að máli, og er þar með felld úr gildi náttúruminjaskrá, dags. 21. apríl 1978.

Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulagslögum hefur ráðuneytið hinn 18. febrúar 1982 staðfest skipulagsuppdrátt af bæjarhverfinu milli Hraunhamars, Búhamars, Áshamars og Foldahrauns í Vestmannaeyjum.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Vestmannaeyja og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum skulu hækka um 7.51% frá og með 1. mars 1982 frá því sem þær voru 1. desember 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1982

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.